

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

40.fundur verkefnahóps BsVest haldinn 14. maí 2014 kl: 10:00

Fundurinn er haldin á Ísafirði, Árnagötu 2-4.

Mættir voru: Sif Huld Albertsdóttir verkefnastjóri, Margrét Geirsdóttir, Elsa Reimarsdóttir, María Játvarðsdóttir og Guðný Hildur Magnúsdóttir, einnig sat Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdarstjóri hluta af fundinum

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnar BsVest
Verkefnastjóri lagði fram fundargerðir stjórnarfundar BsVest frá 21. mars og 23. apríl 2014. Gerð athugasemd við endurskoðaða fjárhagsáætlun er varðar hækkun fjárveitingar til Félagsþjónustunnar Vestur-Barðastrandasýslu. Bent á að þjónusta er ekki hafin og að hluti hennar verði veittur í sumar af Ísafjarðarbæ. Margréti og Elsu falið að meta þjónustubörf í sumar og skiptingu fjármagns. Verkefnahópur leggur áherslu á að fjármagn renni í heild sinni til þess þjónustuúrræði sem hér um ræðir.
2. Stuðningsfjölskyldur, breyting á starfskjörum.
Vísað til fyrirspurnar á 36. fundar varðandi laun stuðningsfjölskyldna. Samkvæmt beiðni 39. fundar þann 12. mars 2014 var lögð fram samantekt sem verkefnastjóri gerði til að bera saman laun stuðningsfjölskyldna á svæði BsVest og í öðrum sveitarfélögum. Verkefnahópurinn telur mikilvægt að vera fyrir ofan meðallag í kjörum stuðningsfjölskyldna, leggur verkefnahópur það til að tekið verði mið af kjörum stuðningsfjölskyldna í Kópavogsbæ.
Samþykkt að þessi breyting taki gildi 1. janúar 2015, einnig samþykkt að greiðslur vegna tímavinnu verði ekki inn í reglunum en haldið verður innbyggðum sveigjanleika hvað varðar þjónustuna fyrir hvern og einn. Verkefnastjóra er falið að leggja tillögu verkefnahóps fyrir stjórn og fyrir sveitarfélögin innan BsVest, í framhaldi af afgreiðslu stjórnar. Aðalsteinn vék af fundi.
3. NPA Reglur.
Verkefnastjóri fór yfir NPA reglurnar sem unnar voru á 34. fundi verkefnahóps þann 13. nóvember. Samþykkt var að fela verkefnastjóra að klára reglurnar og senda á verkefnahópin til yfirlestrar og þaðan til stjórnar og sveitarfélaga innan BsVest.
4. Starfsdag/námskeiðsdag fyrir starfsfólk í fötlunarþjónustu.
Verkefnastjóri kynnti að stjórn BsVest hefði samþykkt fjárveitingu til starfs- og námskeiðsdag. Verkefnastjóri kynnti hugmyndir að efni dagsins en óskaði eftir ábendingum verkefnahóps. Samþykkt að starfsdagur verði haldinn um miðjan september n.k.. Margréti og Sif Huld falið að skipuleggja dagskrá samkvæmt umræðu á fundinum.
5. Erindi
Engin formleg erindi bárust.
6. Annað.
Verkefnastjóri kynnti að settir yrðu á stuttir símafundir verkefnahóps aðra hverja viku. Verkefnahópur samþykkir þessa tilhögun og yrði fundað á miðvikudögum kl 13:00. Fyrsti fundur verði haldin 21. maí n.k..
Verkefnastjóri kynnti stuttlega efni Ráðstefnu um nýsköpun og tækni í velferðarþjónustu 4. - 5. júní 2014 sem verður á Akureyri og hvatti verkefnahópinn til að sækja ráðstefnuna.

Sif Huld Albertsdóttir
Verkefnastjóri
BsVest